

Samkomulag

um samstarf vegna förgunar úrgangs á árinu 2019

Sorpstöð Suðurlands bs. kt. 420481-0719, Sorpurðun Vesturlands hf. kt. 530697-2829 og Norðurá bs. kt. 560206-0620 gera með sér eftirfarandi þrífliða samkomulag um samstarf vegna förgunar úrgangs á árinu 2019. Samkomulagið er gert að höfðu samráði við forstjóra Umhverfisstofnunar í framhaldi af samráðsfundi allra þessara aðila föstudaginn 1. febrúar 2019.

Samkomulag þetta er hugsað sem bráðabirgðalausn varðandi förgun úrgangs frá Suðurlandi þar til Sorpstöð Suðurlands bs. hefur komið sér upp eigin sorpförgunarsvæði eða leyst sorpförgunarvanda Sunnlendinga með öðrum hætti.

Skuldbindingar Sorpurðunar Vesturlands hf. og Norðurá bs.

Sorpurðun Vesturlands hf. og Norðurá bs. samþykkja að taka til ársloka 2019 hvort um sig við allt að 2.500 tonnum af úrgangi frá starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands bs. til urðunar á urðunarstöðum félaganna í Fíflholtum og Stekkjarvík. Aðeins verður tekið við úrgangi frá flutningsaðilum sem Sorpstöð Suðurlands bs. tilgreinir. Gjaldtaka vegna þessa úrgangs miðast við gjaldskrá urðunarstaðanna eins og hún er á hverjum tíma. Reikningar vegna móttökugjalda verða sendir til Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Skuldbindingar Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Á móti samþykkir Sorpstöð Suðurlands bs. að tryggja að framangreind ráðstöfun leiði ekki til kostnaðarauka fyrir Sorpurðun Vesturlands hf. og Norðurá bs. umfram það sem almennt leiðir af auknu magni úrgangs til urðunar. Með kostnaðarauka í þessu samhengi er m.a. átt við kostnað sem kann að leiða af nauðsynlegum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir að urðunarstaðirnir í Fíflholtum og Stekkjarvík fari fram úr því magni sem heimilt er að urða árlega samkvæmt gildandi starfsleyfum staðanna. Auk þess mun Sorpstöð Suðurlands leita allra leiða til að lágmarka magn úrgangs til förgunar og vinna áfram að lausnum á sorpförgunarvanda Sunnlendinga, svo sem með því að koma sér upp eigin sorpförgunarsvæði og undirbúa útflutning á úrgangi til brennslu til orkuframleiðslu. Sorpstöð Suðurlands mun reglulega gera öðrum aðilum þessa samkomulags grein fyrir framgangi þessarar vinnu.

Umhverfismat og starfsleyfi

Urðunarstaðirnir í Fíflholtum og Stekkjarvík hyggjast báðir sækja um nýtt starfsleyfi með rýmri urðunarheimildum þar sem sýnt þykir að vaxandi magn úrgangs til förgunar, svo og það samkomulag sem hér um ræðir, muni leiða til þess að urðun á stöðunum á árinu 2019 fari yfir leyfileg hámark skv. gildandi starfsleyfum. Í báðum tilvikum þurfa umrædd áform að fara í gegnum umhverfismat í samræmi við lög nr. 106/2000. Stefnt er að því að niðurstaða matsins liggi fyrir á báðum stöðum og að umsóknir um ný starfsleyfi verði í framhaldi af því komnar til Umhverfisstofnunar fyrir árslok. Takist ekki að gefa út ný starfsleyfi fyrir árslok munu starfsleyfishafar sækja um undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna aukinnar urðunar á árinu 2019 á grundvelli


niðurstöðu umhverfismats og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, enda rúmist heildarmagnið innan þeirra marka sem tilgreind eru í starfsleyfisumsóknunum. Aðilar eru sammála um að hittast á fundi í september 2019 til að fara yfir stöðu mála og þær tölur sem þá liggja fyrir um magn úrgangs.

Gildistími


Samkomulag þetta gildir frá undirritun til 31. desember 2019. Sorpstöð Suðurlands bs. getur óskað eftir framlengingu á samkomulaginu ef fyrir séð er að viðunandi lausnir verði ekki fengnar fyrir lok samningstímans. Slík beiðni þarf að berast öðrum aðilum samkomulagsins í síðasta lagi 1. október 2019.

Borgarnesi 14. mars 2019


F.h. Sorpurðunar Vesturlands hf.


Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastj.

Fh. Norðurár bs.


Magnús B. Jónsson, formaður stjórnar

F.h. Sorpstöðvar Suðurlands bs.


Jón G. Valgeirsson, formaður stjórnar

Viðauki

við samkomulag Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpurðunar Vesturlands hf. og Norðurár bs., dags. 6. mars 2019, um samstarf vegna förgunar úrgangs á árinu 2019

Samkvæmt samkomulaginu taka Sorpurðun Vesturlands hf. og Norðurá bs. til ársloka 2019 hvort um sig við allt að 2.500 tonnum af úrgangi frá starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands bs. til urðunar á urðunarstöðum félaganna í Fíflholtum og Stekkjarvík. Gert er ráð fyrir eftirfarandi skiptingu milli úrgangsflokka á hvorum stað:

Úrgangsflokkur	Fíflholt (tonn)	Stekkjarkvík (tonn)
Dýrahræ	400	0
Litað timbur	400	400
Grófur úrgangur	400	400
Blandaður úrgangur	1.300	1.700
Samtals	2.500	2.500

Samkomulag er um að aðeins verði tekið við úrgangi frá flutningsaðilum sem Sorpstöð Suðurlands bs. tilgreinir. Sorpstöð Suðurlands mun úthluta flutningsheimildum til flutningsaðilanna og gera öðrum aðilum samkomulagsins grein fyrir þeim áður en móttaka úrgangs til urðunar hefst, þannig að tryggt sé að samanlagt magn verði innan þeirra marka sem að framan greinir. Þá mun Sorpstöð Suðurlands bs. tilkynna jafnóðum um breytingar sem kunna að verða á listanum yfir samþykka flutningsaðila og magnheimildum hvers þeirra um sig.

Samkomulag er um að reikningar vegna móttökugjalda verða sendir til Sorpstöðvar Suðurlands bs. mánaðarlega eftir á. Sorpstöð Suðurlands bs. mun dreifa þessum kostnaði með sanngjörnum hætti á milli sveitarfélaga á starfssvæði stöðvarinnar í samstarfi við flutningsaðila.

